

Föstudaginn 15. maí 1970.

Nr. 95/1970. **Valdstjórnin**
 gegn
Þorsteini Þórði Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Gísli Einarsson, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 5. maí 1970, sem barst Hæstarétti 11. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Varnaraðilja er gefin að sök háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Með skírskotun til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Suður-Múlasýslu 5. maí 1970.

Aðfaranótt sunnudagsins 26. apríl 1970 var brotízt inn í verzlun Elíasar Guðnasonar hér á Eskifirði.

Var stolið þaðan ýmsum munum, sem eru áætlaðir að verðmæti um kr. 242.000.00 — tvö hundruð fjörutíu og tvö þúsund krónur.

Munirnir eru 2 útvarpstæki, segulbandstæki, armbandsúr, um 30 að tölu, gull- og silfurhringir, um 32 að tölu, hálsmen, armbönd og aðrir skartgripir svo og reykjapípur og 2 reykjapípuhausar, „kóngar“.

Morguninn eftir innbrotið lét m/s Hólmanes, SU 120, úr höfn hér á Eskifirði. Áætluð var för skipsins til Þorlákshafnar.

Gerðar voru frumathuganir á innbrotið.

Þá er m/s Hólmanes, SU 120, kom til Þorlákshafnar, var gerð í því leit. Ekkert fannst grunsamlegt við leitina.

M/s Hólmanes, SU 120, kom til Eskifjarðar kl. 2100 í gærkvöldi, 4. þ. m. Var gerð leit í skipinu með samþykki skipstjóra. Fljótlega fundust tveir reykjapípuhausar, „kóngar“, svo og gyllt armband.

Eigandi verzlunarinnar, Elís Guðnason, kvað tvo „kónga“ hafa verið í verzluninni fyrir innbrotið og hafi þeir verið sömu tegundar og þeir, sem fundust. Fullyrti Elís, að armbandið væri úr verzluninni og hefðu munir þessir horfið úr verzluninni við innbrotið.

Við yfirheyrslur hefur Jón Ríkharður Kárasón játað, að Þorsteinn Þórður Sigurðsson hafi aðfaranótt sunnudagsins 26 apríl s.l. komið inn í klefa, þar sem hann svaf. Hafi hann vaknað. Hafi Þorsteinn Þórður verið með tvo kassa, annan stóran, hinn minni.

Í stærri kassanum hafi verið 2 útvarpstæki og segulbandstæki og í minni kassanum úr, armbönd, hringir og ýmsir skartgripir svo og reykjapípur.

Hafi Þorsteinn Þórður tjáð honum, að hann hefði brotízt inn í verzlun og stolið munum þessum. Hafi Þorsteinn Þórður síðar hent útvarpstækjunum og segulbandstækinu í sjóinn, er skipið var farið frá Eskifirði, en falið aðra muni í skipinu, og telur Jón Ríkharður Kárasón, að þeir séu þar enn.

Þorsteinn Þórður Sigurðsson hefur neitað að hafa framið innbrotið og stolið mununum.

Með því að rannsókn málsins er enn á byrjunarstigi og hætta er á, að framangreindir menn geti torveldað rannsókn málsins, þykir rétt með vísun til 1. mgr. 1. töluliðar 67. gr. laga nr. 82 frá 1961 um meðferð opinberra mála að úrskurða þá í gæzluvarðhald í allt að 30 dögum.

Því úrskurðast:

Jón Ríkharður Kárasón og Þorsteinn Þórður Sigurðsson sæti gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum.